

# Samþykkt um hunda- og kattahald í Norðurþingi

## Hundahald

### 1.gr.

Hundahald í Norðurþingi sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

### 2.gr.

Hundahald er háð leyfi sveitarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í sveitarfélaginu, leyfi til hundahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem samþykkt þessi kveður á um.

### 3.gr.

Leyfið er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.

### 4.gr.

Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, eða hjá umboðsaðila, og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun hundsins, samanber 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Leyfishafi skal tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.

### 5.gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Sveitarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. maí. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Dragist lengur en tvo mánuði að skrá hund, á skrifstofu sveitarfélagsins, skal heimilt að innheimta tvöfalt skráningargjald. Við greiðslu gjalds skal ár hvert framvísa vottorði frá dýralækni um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og spóluormum. Hreinsunargjald er innifalið í árlegu gjaldi til sveitarsjóðs.

### 6.gr.

Sveitarfélagið kaupir ábyrgðartryggingu fyrir alla skráða, leyfisskilda hunda og er iðgjaldið innifalið í árlegu gjaldi leyfishafa til sveitarsjóðs.

### 7.gr.

Innan þéttbýlismarka skal hundur aldrei ganga laus heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðalryum hússins.

### 8.gr.

Utan þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda.

9.gr.

Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Umráðamönnum hunda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

10.gr.

Óviðkomandi skulu ekki gefa sig að hundum með klappi eða öðru atferli, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

11.gr.

Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.

12.gr.

Ekki má hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgisskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypa hundum inn í húsnaði vatnsveitna sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn. Ákvæði þessa stafliðar gilda þó ekki um nytjahunda að störfum.

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

- a. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
- b. Almennings- og útisalerni.
- c. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
- d. Gististaðir, veitingasstaðir og matsölustaðir.
- e. Tjald- og hjólhúsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
- f. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
- g. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir
- h. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
- i. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
- j. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna
- k. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
- l. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
- m. Almenn samgöngutæki

13.gr.

Óheimilt er að láta hunda dvelja lengur en í tvo mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir þeim.

14.gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

15.gr.

Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar, þ.á.m. reglur um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. 5.grein þessarar samþykktar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

16.gr.

Ef sótt er um að halda hund í fjöleignahúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagang fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjöleignahúsi þar sem sér inngangur fylgir íbúð, þarf samþykki allra

íbúðaeigenda. Afla skal samþykkis nýrra íbúðaeigenda í íbúðum þar sem hundur er fyrir. Íbúðaeigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis, eða synjun nýrra íbúðaeigenda skal hundaeigandi fá hæfilegan frest til þess að finna hundinum annan samastað.

17. gr.

Þá getur sveitarstjórn fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir nytjahunda, þ.e hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndapprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

18.gr.

#### **Eftirfarandi skilyrði gilda í dreifbýli Norðurþings:**

- a) Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá hundana á skrifstofum Norðurþings eða hjá umboðsaðila.
- b) Ekki þarf að greiða leysisgjald af hundum í dreifbýli. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og lækniáðgerðum hlýst, sbr. 5. grein þessarar samþykktar, eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 20. grein.
- c) Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

19.gr.

Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða.

20.gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds má fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir sé um að ræða minniháttar brot í fyrsta skipti. Handsömun á ómerktum hundi skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði. Eigandi hundsins skal leysa hann út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því að hundurinn var handsamaður enda verði handsömunargjald og annar áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundarins geti haft í för með sér. Kostnaður greiðist af eiganda. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

21.gr.

Handsömunargjald samkvæmt 20.grein skal vera samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af sveitarstjórn og skal auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

22.gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## Kattahald

23.gr.

Kattahald í Norðurþingi sætir þeim takmörkunum sem samþykkt þessi kveður á um.

24.gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en 2 ketti eldri en 3ja mánaða á sama heimili. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

25.gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignahúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðaeigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjöleignahúsi með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja leyfi allra íbúðaeigenda. Afla skal samþykkis nýrra íbúðaeigenda í íbúðum þar sem köttur er fyrir. Íbúðaeigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis eða synjun nýrra íbúðaeigenda skal kattaeigandi fá hæfilegan frest til að finna kettinum annan samastað.

26.gr.

Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn samþykkir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjald skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu og síðan árlega fyrir 1. maí ár hvert. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Við greiðslu gjalds skal ár hvert framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Einnig skal framvísa öðrum skilríkjum sem máli skipta. Hreinsunargjald er innifalið í árlegu gjaldi sem greiðist í sveitarsjóð.

27.gr.

Sveitarfélagið kaupir ábyrgðartryggingu fyrir alla skráða ketti og er iðgjaldið innifalið í árlegu gjaldi leyfishafa til sveitarsjóðs.

28.gr.

Allir heimiliskettir skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins eða hjá umboðsaðila og þar fær eigandi afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins. Plötunni skal koma fyrir á ól sem hengd er um háls kattarins ásamt bjöllu. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu og spóluormahreinsun kattarins, samanber 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Leyfishafi skal tilkynna ef kötturinn drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.

29.gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum, eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið, gerist þess þörf.

30. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgisskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 (sjá 12. grein hér að framan). Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerð um neyslu og ölkelduvatn

31. gr.

Kettir skulu ekki vera lausir úti við í þéttbýli. Sérstaklega skulu kattaeigendur gæta dýra sinna með tilliti til fuglalífs á varptímanum.

32. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til kattahalds má fjarlægja viðkomandi kött. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minniháttar brot í fyrsta skipti. Eigandi kattarins skal leysa hann út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi leyfi til kattahalds.

Handsömun á ómerktum ketti skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði. Sé kattarins ekki vitjað innan 7 daga, frá birtingu auglýsingar, má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti köttinn má krefja eiganda um greiðslu alls kostnaðar. Aflífa má kött sé hans ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja kattarins geti haft í för með sér. Kostnaður greiðist af eiganda.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum köttum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

33. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum og er henni þá skylt að auglýsa það tryggilega, t.d. í staðarblöðum eða útvarpi.

34. gr.

Ákvæði 24. gr. 26. gr. og 28. gr. gilda ekki um ketti í dreifbýli.

## Eftirlit og fleira

35. gr.

Sveitarstjórn tilnefnir eftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn nánari starfsreglur.

36. gr.

Þéttbýlisstaðir þeir sem um ræðir í samþykkt þessari eru: Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn og Hrístateigur.

37. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Norðurlands að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Frá þeim tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Húsavík nr. 567/1991 og samþykkt um kattahald í Húsavíkurbænum nr. 175/1995, ásamt eldri samþykktum um hunda- og kattahald fyrir Raufarhöfn og Kópasker.

Samþykkt í sveitarstjórn Norðurlands 22. Janúar 2008